



Héraðssamband Þingeyinga

Æfum alla ævi

Samantekt á stöðu og starfi HSP og
aðildarfélaga þess

Efnisyfirlit

	Bls.
Aðgerða er þörf	4
1. Inngangur	5
2. Samantekt	6
2.1 Helstu atriði	6
2.2 SVÓT-greining	6
2.3 Æfum alla ævi - tækifæri og ógnanir	7
3. Starfsemi aðildarfélaga HSP	8
3.1 HSP heildaryfirlit	8
3.2 Sveitarfélög	11
3.3 Aðstaða og iðkun	12
3.4 Staða aðildarfélaga eftir sveitarfélögum	13
3.4.1 Norðurþing	13
3.4.2 Þingeyjarsveit	15
3.4.3 Langanesbyggð	16
3.4.4 Skútustaðahreppur	17
3.4.5 Grýtubakkahreppur	18
3.4.6 Svalbarðshreppur	19
3.4.7 Tjörneshreppur	19
4. Heildarmat á stöðunni - SVÓT greining	20
5. Tillögur til úrbóta	22
5.1 Þátttaka	22
5.2 Faglegt starf	23
5.3 Samstarf	23
5.4 Sjálfbærliðar	24
6. Lokaorð	25

Yfirlit yfir töflur og myndir

	Bls.
Tafla 1. Aðildarfélög HSP	8
Tafla 2. Frístundastyrkir 2019	11
Tafla 3. Íþróttaaðstaða eftir sveitarfélögum	12
Tafla 4. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Norðurþings	13
Tafla 5. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Þingeyjarsveitar	15
Tafla 6. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Langanesbyggðar	16
Tafla 7. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Skútustaðahrepps	17
Tafla 8. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Grýtubakkahrepps	18
Tafla 9. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Svalbarðshrepps	19
Tafla 10. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Tjörneshrepps	19
Mynd 1. Markmið stefnu HSP <i>Æfum alla ævi</i>	5
Mynd 2. Meginþættir aðgerða <i>Æfum alla ævi</i>	5
Mynd 3. Fjöldi íbúa, féлага og iðkenda á sambandssvæði HSP	8
Mynd 4. Fjöldi iðkana 2018	9
Mynd 5. Þróun íþróttagreina eftir iðkendatölum 2015-2018	10
Mynd 6. Sambandssvæði HSP	11
Mynd 7. Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum 1. janúar 2019	11
Mynd 8. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum Norðurþing	14
Mynd 9. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum Þingeyjarsveit	15
Mynd 10. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum Langanesbyggð	17
Mynd 11. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum Skútustaðahreppur	18
Mynd 12. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum Grýtubakkahreppur	18

Aðgerða er þörf

Samantekt sú sem hér lítur dagsins ljós er afurð markvissrar vinnu sambandsins á síðustu þremur misserum. Þessi vinna hófst strax eftir að þing sambandsins 2018 samþykkti einróma að hefja vinnu við gerð áætlunar undir merkjunum „Æfum alla ævi.“ Meginhugsun þeirrar áætlunar var að skapa iðkendum innan félaga HSP betri skilyrði til æfinga, meiri samvinnu innan sambandsins og efla starfið í heild sinni ásamt því að ná til sem flestra aldurshópa á sambandssvæðinu. Haustið 2018 lá fyrir samantekt um hvað við þyrftum að gera, hvaða markmiðum við teldum að ná þyrfti, ásamt því að benda á hver ávinningurinn gæti orðið.

Íþróttahreyfingin þarf, eins og önnur samtök sem starfa í almannapágu, að takast á við breyttar aðstæður og ítarlegri kröfur sem gerðar eru til þeirra svo þau haldi stöðu sinni í samfélaginu. Hún þarf að taka tillit til persónuverndarlaga, framfylgja ströngum reglum um ráðningu starfsfólks og gæta að fortíð stjórnarmanna og þjálfara, til viðbótar við faglegri störf allra – ekki síst þjálfara sem dæmi. Foreldrar og aðstandendur gera auknar kröfur um gæði starfsins, og svo mætti lengi telja.

Eins og fram kemur í þessari samantekt er staða félaga innan héraðs með ýmsum hætti til að takast á við breytt umhverfi og auknar kröfur. Ekki er lagt mat á getu félagana heldur reynt að lýsa starfsemi þeirra. Sum félög eru öflug, önnur eru með minni starfsemi, en í of mörgum tilfellum er lítil starfsemi og nánast engin hjá öðrum. Augljóst er að við svo verður ekki búið. Við þurfum því ekki bara að takast á við skort á starfsemi einstakra félaga, og mögulega endurskipuleggja þau eða jafnvel leggja niður, heldur líka á starfsemi hreyfingarinnar í heild sinni og færa inn í 21. öldina. Við búum við skipulag hreyfingarinnar sem í megin dráttum var komið á laggirnar fyrir rúmri öld síðan. Ekki bara á Þingeyjarsýslusvæðinu, heldur um allt land. Samfélagsgerðin, sveitarfélögin, íbúasamsetning og byggðamynstur var með allt öðrum hætti, svo ekki sé talað um samgöngur og tækni, með öðrum orðum samfélagið hefur tekið stórkostlegum breytingum, eins og við vitum öll. En eitt breytist þó lítið, en það er landfræðileg stærð. Sambandssvæði HSP er um 20 þús. ferkílómetrar að stærð og er eitt það stærsta á landinu, þótt fjölmennari héruð séu til. Það er áskorun sem við þurfum að horfast í augu við líka.

Efni þessarar skýrslu er ætlað að vera grunnur umræðum og gerð tillagna að úrbótum í hreyfingunni hér á sambandssvæðinu. Við höfum nú kortlagt starfsemina innan héraðs betur en áður, aðstöðu, iðkenda fjölda o.fl. Því getum við gert okkur grein fyrir hverjir helstu styrkleikar og veikleikar okkar eru og ekki síst hvaða tækifæri blasa við en þau eru forsenda þess að við getum hafist handa og sett okkur stefnu fram á veginn. En hún er aðeins fyrsta skrefið. Meira þarf til, bæði fjármagn, vilja og samstöðu. Við sem nú störfum fyrir íþróttahreyfinguna, hvort sem er í deildum félaga, félögum, á héraðsvísu eða með öðrum hætti, skuldum þeim sem við erum að vinna fyrir, þ.e. félagsmönnum í íþróttahreyfingunni, að reyna að minnsta kosti að gera það sem við getum. Annað væri í raun vanræksla.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum sem lagt hafa þessari vinnu lið, en sérstaklega vil ég þakka Gunnhildi Hinriksdóttur fyrir hennar mikla og góða starf við gerð þessarar samantektar.

Jónas Egilsson, formaður HSP

1. Inngangur

Ársþing Héraðssambands Þingeyinga (HSP) 2018 samþykkti að fela stjórn sambandsins mótun íþrótta- og æskulýðstefnu, *Æfum alla ævi*. Stefnan var lögð fram á ársþingi HSP 2019 og lýsti þingið ánægju sinni með stefnunna. Markmiðið með stefnumótuninni sjálfri er að bæta íþróttastarfið í heild sinni innan héraðs, en einstök markmið eru aukin hreyfing, íþróttir fyrir alla og efling sjálfbóðaliða (mynd 1). Til þess að ná fram markmiðum stefnunnar voru settir fram fjórir megin þættir sem vinna þarf að til þess að bæta íþróttastarfið í héraði, þ.e. efla þátttöku, efla faglegt starf, efla sjálfbóðaliða og efla samstarf (mynd 2).


Skýra heildarmynd af íþróttastarfinu í héraðinu hefur þó skort og er samantekt þessi því yfirlit yfir starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga innan sambandsins. Tilgangurinn er að ná fram og sýna þá mynd af því starfi sem nú er unnið í félögunum á svæðinu sem og þróun síðustu ára. Með samantektinni er bæði hægt að greina styrkleika og veikleika samhliða því að raunhæft er að leggja fram tillögur til úrbóta. Samantektin er jafnframt grunnplagg sem nýta má til þess að leggja mat á væntanlegan árangur af því endurbótastarfi sem lagt er til að fara í. Í lokahluta samantektarinnar eru lagðar fram tillögur til þess að styðja við, styrkja og bæta starf aðildarfélaga HSP, þannig að markmiðum *Æfum alla ævi* verði náð.

Aðferðir og gagnaöflun

Í þessu yfirliti er staða og starf aðildarfélaga HSP skoðað út frá innsendum ársskýrslum undanfarinna ára til HSP, þar sem félögin fara yfir starf sitt á liðnu ári, en einnig út frá samtölum sem framkvæmdastjóri hefur átt út í félögin, við stjórnarfolk og aðra félaga. Féлага- og iðkendatal er unnið

út frá innsendum skýrslum félaganna í Felix, félagakerfi Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Í apríl ár hvert skila félögin iðkenda- og félagatali vegna starfa ársins á undan og því eru nýjustu tölur í þessu yfirliti vegna starfa ársins 2018. Upplýsingar um íbúafjölda í sveitarfélögunum eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við mannfjölda þann 1. janúar 2019.

Töluleg gögn eru skoðuð með og án hlutdeildar Skákfélagsins Hugins en félagið hefur starfstöðvar og starfsemi bæði á höfuðborgarsvæðinu og í Þingeyjarsýslu sem skekkir mögulega yfirlitið. Félagatal Hugins nær fimmfaldaðist þegar það sameinaðist Taflfélaginu Helli í Reykjavík og varð næst stærsta félag HSP.



Mynd 2. Meginþættir stefnunnar *Æfum alla ævi*.

Markmið

Aukin hreyfing

- Regluleg hreyfing og þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi eflir bæði hug og lund, þrek og styrk, er félagslega mikilvæg og góð forvörn fyrir bæði unga sem aldna.
- Það er stefna HSP að skapa umhverfi fyrir fólk á öllum aldri til þess að stunda íþróttir og hreyfingu við sitt hæfi alla æfi, óháð aldri, getu eða búsetu.

Íþróttir fyrir alla

- HSP er fylgjandi stefnu ÍSí varðandi íþróttaiðkun barna og unglinga þar sem lögð er áhersla á íþróttir fyrir alla, leik og skemmtun, jöfn tækifæri til æfinga og keppni, og félagsskap.
- Það er einnig stefna HSP að við íþróttaiðkun fullorðinna einstaklinga (18 ára og eldri) sé lögð áhersla á íþróttir fyrir alla, leik og skemmtun, jöfn tækifæri til æfinga og keppni, og félagsskap, meðfram því afreksstarfi sem stundað er.

Efling sjálfbóðaliða

- Íþróttastarf hefur alla tíð verið borið uppi af öflugum sjálfbóðaliðum hvort sem um stjórnarstörf félaga er að ræða eða aðkomu að æfingum og mótahaldi ásamt fleiru. Sjálfbóðaliðar eru enn í dag ómissandi partur af íþróttastarfi.
- Það er stefna HSP að efla sjálfbóðaliða í sínum störfum þannig að almennt íþróttastarf haldi áfram að vaxa og dafna.

Mynd 1. Markmið stefnu HSP *Æfum alla ævi*.

2. Samantekt

2.1 Helstu atriði

- HSP telur í heildina 30 aðildarfélög, þar af sjö óvirk, í sjö sveitarfélögum.
- Íbúafjöldi svæðisins er tæplega 5500 manns.
- Fjöldi félagsmanna jafngildir því að nær 75% íbúa séu félagsmenn í aðildarfélögum HSP.
- Um 750 iðkendur eru skráðir á aldrinum 6-17 ára (106% íbúa aldurshópsins (tæplega 700 (98%) án iðkenda Skákfélagsins)).
- Rúmlega 1500 íbúa (34%) 18 ára og eldri eru skráðir iðkendur (1178 (27%) án skákfélagsins).
- Jafnt kynjahlutfall er meðal iðkenda 6-17 ára á meðan 70% iðkenda 18 ára og eldri eru karlmenn.
- Iðkendur eru skráðir í 20 íþróttagreinir, flestir í knattspyrnu (>500) og hestamennsku (um 450).
- Af 20 íþróttagreinum eru aðeins sjö greinar þar sem iðkendur koma frá tveimur eða fleiri félögum: blak, frjálsíþróttir, golf, hestamennska, knattspyrna, mótorsport og skotíþróttir.
- Frá árinu 2015 hafa iðkendatölur aukist um 17-18% á meðal 6-17 ára og 18 ára og eldri.
- Þátttaka 6-17 ára í hverju sveitarfélagi með virk aðildarfélög er >60% en nær ekki 25% meðal 18 ára og eldri (Skákfélagið ekki talið með).
- Starfið er erfitt á dreifbýlli svæðum, skortur er á þjálfurum og jafnvel iðkendum.

2.2 SVÓT-greining svæðisins

Styrkleikar • Fjölbreytt starf á Húsavík, íbúum í nær- og fjærsvæitum til góða • Sú íþróttaaðstaða sem er í hverjum þéttbýliskjarna og við núverandi skólastofnanir • Aðildarfélögin vilja halda úti starfi	Tækifæri • Íbúar svæðisins, breytt aldurssamsetning • Heilsueflandi samfélög / samvinna við sveitarfélögin • Almenningsíþróttir / smærri greinar sem krefjast færri iðkenda • Samvinna milli félaga
Veikleikar • Svæðið er stórt, byggðin er dreifð og hér er fámenni • Þjálfaraskortur • Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði • Skortur á samstarfi • Skortur á skipulögðu starfi fyrir fleiri/eldri aldurshópa	Ógnanir • Mörg fámenn félög – fáir íbúar • Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði • Þjálfaraskortur • Hugarfar • Aðstaða

2.3 Æfum alla ævi - tækifæri og ógnanir

Þátttaka

Tækifæri	Ógnanir
- Líta þarf til allra aldurshópa til þess að fjölga iðkendum. - Líta til samvinnu skóla og aðildarféлага - Huga að heilsuefningu, námskeiðum, skipulögðum æfingum og tilsögn sem hentar breiðari aldurshóp. - Samráð og samstarf um viðburði og mót. - Samstarf milli félaga í hópíþróttum.	- Þjálfaraskortur er víða - Langar vegalengdir bæði innan og á milli svæða.

Faglegt starf

Tækifæri	Ógnanir
- Þjálfaramenntun ÍSí. - Þjálfaranámskeið sérsambanda ÍSí. - Fræðslusjóður HSP - Samtal og samstarf þjálfara gegnum Sýnum karakter verkefni ÍSí og UMFÍ. - Miðlægur grunnur um íþróttatengda viðburði. - Fyrirmyndarfélag ÍSí til að skilgreina betur og gera starf skilvirkara.	- Skortur á þjálfaranámskeiðum sérsambanda ÍSí. - Langar vegalengdir innan héraðs. - Tímaskortur stjórnenda til að rýna í starf aðildarféлага.

Samstarf

Tækifæri	Ógnanir
- Sameiginlegar æfingar/æfingabúðir. - Samstarf um þátttöku í mótum. - Samstarf um mótahald/viðburði. - Samstarf við sveitarfélög - um íþróttir og hreyfingu á yngsta stigi grunnskólans. - um íþróttir og hreyfingu eldri-borgara. - vegna Heilsueflandi samfélags. - Sameiginleg stefnumörkum aðildarféлага.	- Skipulag, utanumhald og ábyrgð vegna sameiginlegra verkefna. - Vegalengdir milli svæða.

Sjálfbóðaliðar

Tækifæri	Ógnanir
- Miðlæg samvinna um stefnur og verkefni. - Miðlæg samvinna um ýmis konar utanumhald s.s. Felix, Nóra o.s.frv. - Miðlæg samvinna varðandi störf, skyldur og hlutverk. - Sameining aðildarféлага.	- Misjafnar þarfir og markmið aðildarféлага, misjöfn aðstaða, misjöfn verkefni. - Gamlir sveitarígar, hefðir sem mögulega myndu falla niður.

3. Starfsemi aðildarfélaga HSP

3.1 HSP - heildaryfirlit

HSP nær yfir sjö sveitarfélög, frá Grýtu-bakkahreppi í vestri til Langanesbyggðar í austri. Innan sambandsins eru núna 30 aðildarfélög sem öll eru aðilar að ÍSí og Ungmennafélagi Íslands í gegnum aðild sína að HSP (tafla 1). Undantekning á þessu er þó Skákkfélagið Huginn en það er ekki aðili að ÍSí sökum þess að Skáksamband Íslands er ekki aðili að ÍSí.


Þrettán aðildarfélaga HSP eru svokölluð sérgreinafélög en þau leggja stund á aðeins eina íþróttagrein og eiga því aðild að aðeins einu sérsambanda ÍSí. Tíu félaganna eru fjölgreinafélög sem leggja stund á fleiri en eina íþróttagrein með aðild að fleiri en einu af sérsamböndum ÍSí. Af 30 aðildarfélögum HSP eru sjö félög, eða um 1 af hverjum 5 félögum, án starfandi stjórnar og teljast óvirk og án keppnisréttar þar sem þau standa hvorki skil á starfi sínu til ÍSí né til HSP.

Yfirlit yfir íbúa-, félaga- og iðkenda fjölda á sambandssvæði HSP 2019 má sjá á mynd 3. Vert að athuga það að félagsaðild er öllum frjálst, óháð búsetu og er hægt að vera félagsmaður og iðkandi í fleiri en einu félagi í senn. Þannig getur sami einstaklingur talið oftast en einu sinni eftir fjölda félaga sem viðkomandi er

Tafla 1. Aðildarfélög HSP 2019

Fjölgreinafélög	Sérgreinafélög
Íþróttafélagið Völsungur	Golfklúbbar
Íþróttafélagið Magni	Golfklúbbur Húsavíkur
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	Golfklúbbur Mývatnssveitar
Umf. Austri	Golfklúbburinn Gljúfri
Umf. Bjarmi	Golfklúbburinn Hvammur
Umf. Efling	Golfklúbburinn Lundur
Umf. Einingin	Hestamannafélög
Umf. Geisli	Hestamannafélagið Feykir
Umf. Langnesinga	Hestamannafélagið Grani
Umf. Leifur heppni	Hestamannafélagið Snæfaxi
	Hestamannafélagið Þjálfí
	Skotfélög
<i>Umf. Afturelding – óvirk</i>	Skotfélag Húsavíkur
<i>Umf. Bakkafjarðar – óvirk</i>	Skotfélag Þórshafnar og nágr.
<i>Umf. Gaman og alvara – óvirk</i>	Skákkfélög
<i>Umf. Reykhverfinga – óvirk</i>	Skákkfélagið Huginn
<i>Umf. Snörtur – óvirk</i>	Mótorhjóla- og snjósleðafélög
<i>Umf. Tjörnesinga – óvirk</i>	Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
<i>Umf. Öxfirðinga – óvirk</i>	

skráður í. Þá getur hver einstaklingur iðkað fleiri en eina grein innan fjölgreinafélags og telur þá oftast eftir því. Þannig getur félag með samtals einn iðkanda (einstakling) verið með skráðar tvær iðkanir ef einstaklingurinn er skráður í



Mynd 3. Fjöldi íbúa, félaga og iðkenda á sambandssvæði HSP.

tvær greinar. Sami einstaklingur gæti jafnframt stundað aðra íþrótt með öðru félagi og væri þá sami einstaklingurinn talinn sem tveir iðkendur (einn í hvoru félagi) og með þrjár iðkanir (þrír iðkendur, einn í hverri íþrótt).

Með þessi atriði í huga sést að fjöldi félagsaðilda 2018, samkvæmt innsendum skýrslum 2019, jafngildir því að nær 3 af hverjum 4 íbúum svæðisins séu félagsbundnir (2/3 án Skákfélagsins) (mynd 3a). Um 64% kvenna og 83% karla eru félagar (fellur niður í 62% kvenna og 71% karla án Skákfélagsins, gögn ekki sýnd).


Þegar litið er til fjölda iðkenda á svæðinu eftir aldri eru um 106% 6-17 ára íbúa iðkendur í starfi aðildarfélaganna og um 34% íbúa 18 ára og eldri (hver iðkandi aðeins talinn einu sinni í hverju félagi, sömu tölur án Skákfélagsins eru 98% 6-17 ára og 27% 18 ára og eldri). Það má þó ekki endilega leiða að því líkur að nær allir 6-17 ára séu þátttakendur í starfi félaganna því að, líkt og með félagsaðildir, getur hver verið iðkandi í fleiri en einu félagi í senn eins og útskýrt var hér að ofan.

Þegar búið er að telja saman allar iðkanir innan HSB jafngilda þær því að um 128% 6-17 ára og 35% 18 ára og eldri iðki íþróttir. Það er því ljóst að a.m.k. meðal 6-17 ára stunda einhverjir tvær eða fleiri greinar sem er jákvætt því börn á þessum aldri þurfa hreyfing og ættu ekki að vera farin að sérhæfa sig í íþróttagrein.

Ef litið er til kynjanna þá eru ríflega helmingi fleiri iðkanir hjá körlum en konum í heildina, nokkuð jafnt hlutfall iðkana er meðal kynjanna hjá 6-17 ára hópnum á meðan nær 70% iðkenda 18 ára og eldri eru karlar (mynd 3b).


Alls voru stundaðar 20 íþróttagreinar á sambandssvæði HSB 2018, af þeim eru fjórtán með iðkendur á aldrinum 6-17 ára og átján greinar eru stundaðar af 18 ára og eldri iðkendum. Knattspyrna er fjölmennasta íþróttin með yfir 500 iðkendur í heildina (frá 6 ára aldri), hestamennska er þar á eftir með tæpa 450 iðkendur (mynd 4). Á mynd 4 má sjá stærðarröð íþróttagreina m.t.t. fjölda iðkenda (6 ára og eldri), fjölmennasta greinin er lengst til vinstri og fámennasta greinin lengst til hægri. Sex greinar eru stundaðar í tveimur eða fleiri félögum meðal 6-17 ára iðkenda en átta hjá 18 ára og eldri (mynd 4). Flestar íþróttagreinar eru stundaðar í Norðurþingi, þar er að finna iðkendur í tíu mismunandi greinum á meðal 6-17 ára og tólf greinum á meðal 18 ára og eldri.

Einhverjar smásveiflur eru í iðkendatölum milli ára en ef litið er á þróunina á skráðum iðkendum frá 2015-2018 má sjá aukningu um 17-18%. Árið 2015 voru 763 iðkanir skráðar á móti 904 árið 2018 í 6-17 ára aldurshópnum og 1314 iðkanir 2015 á móti 1538 iðkunum hjá 18 ára og eldri árið 2018 (mynd 5).



Mynd 4. Fjöldi iðkenda eftir greinum og fjöldi aðildarféлага sem standa að baki greinunum 2018.

Skammstafanir: BLÍ = blak, BOG = bogfimi, FSÍ = fimleikar, FRÍ = frjálsíþróttir, GLÍ = glíma, GSÍ = golf, HSÍ = handbolti, ÍF = íþróttir fatlaðra, ÍFA = almenningssíþróttir, KAÍ = karate, KSÍ = fótibolti, LH = hestamenn, MSÍ = mótörhjóna- og snjósleðaíþróttir, SKÍ = skíðaíþróttir, SSÍ = sund, STÍ = skotíþróttir, TKÍ = taekwondo.



Mynd 5. Þróun hlutfallslegs fjölda iðkenda eftir íþróttagreinum innan HSP 2015-2018. Skammstafanir: BLÍ = blak, BOG = bogfimi, FSÍ = fimleikar, FRÍ = frjálsíþróttir, GLÍ = glíma, GSÍ = golf, HRÍ = hjólreiðar, HSÍ = handbolti, ÍF = íþróttir fatlaðra, ÍFA = almenningssíþróttir, KAÍ = karate, KKÍ = karfa, KSÍ = fótolti, LH = hestamenn, MSÍ = mótörhjola- og snjósleðiþróttir, SKÍ = skíðaiþróttir, SSÍ = sund, STÍ = skotíþróttir, TKÍ = taekwondo.



Kvennalið Völsungs í knattspyrnu 2019



Hluti af skotíþróttasvæði Skotfélags Húsavíkur

3.2 Sveitarfélög

Eins og áður sagði nær sambandssvæði HSP yfir sjö sveitarfélög (mynd 6). Flatarmál sambandssvæðisins er gífurlega mikið og ferðatími yfir 3 klst. enda á milli innan sambandsins. Íbúafjöldi þann 1. janúar 2019 var 5.459 manns, þar af búa tæplega 2.400 á Húsavík en næst stærsti þéttbýliskjarninn er Þórshöfn með um 370 íbúa. Norðurþing er fjölmennasta sveitarfélagið með um 3.050 íbúa og Þingeyjarsveit næstfjölmennast með tæplega 900 íbúa (mynd 7). Um 2/3 hluti íbúanna býr í þéttbýliskjörnum en þrátt fyrir það má almennt segja að svæðið sé fámennnt og byggðir dreifðar þar sem svæðið er stórt og vegalengdir langar.


Stuðningur sveitarfélaga við starf félaganna er mikilvægur. Flest sveitarfélögin bjóða upp á frístundastyrki (tafla 2) sem íbúar geta þá nýtt til að niðurgreiða tómstunda- og íþróttabátttöku barna sinna eða aðra skipulagða tómstundaiðju. Öll sveitarfélögin, sem hafa virk aðildarfélög, styðja við félög á sínum svæðum á einhvern hátt, t.d. með niðurfellingu á húsaleigu, fasteignagjöldum, rafmagni og öðru slíku þó svo að ekki sé til skriflegur samningur um þann stuðning í öllum tilfellum. Sveitarfélög hafa sum hver verkefnasjóði sem félögin geta sótt styrki til vegna verkefna sem þau standa fyrir. Einhver sveitarfélög eru að auki með rekstrar-samninga og veita félögunum þannig beinan fjárhagsstuðning í rekstur og starfsemi félagsins.



Mynd 6. Sambandssvæði HSP.

Tafla 2. Frístundastyrkir 2019.

Norðurþing	10.000 kr.
Þingeyjarsveit	15.000 kr.
Langanesbyggð	30.000 kr.
Skútustaðahreppur	-
Grýtubakkahreppur	27.500 kr.
Svalbarðshreppur	30.000 kr.
Tjörneshreppur	-



Mynd 7. Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum 1. janúar 2019.

Tafla 3. Íþróttaaðstaða eftir sveitarfélögum.

Sveitarfélag	Aðstaða
Norðurþing	Húsavík og nágr: Íþróttahöll með þreksal og minni æfingasal, íþróttavöllur, gervigrasvöllur, sundlaug (16m), golfvöllur (9h), skotíþróttasvæði, reiðhöll (í Saltvík), gönguskiðasvæði og skíðalyfta (Reyðarárhjúk). Lundur í Öxarfirði: Íþróttahús, sundlaug (12m), grasvöllur, körfuboltavöllur (~6x12m). Kópasker: Íþróttahús, þreksalur, íþróttavöllur, reiðhöll. Raufarhöfn: Íþróttahús, sundlaug (16m), sparkvöllur, íþróttavöllur. Vatnajökulsþjóðgarður (Ásbyrgi): Golfvöllur (6h), grasvöllur, reiðvöllur.
Þingeyjarsveit	Laugar: Sundlaug 25m, íþróttahús og þreksalur framhaldsskólans, íþróttavöllur með tartanbrautum, golfvöllur (6h), reiðvöllur (á Einarstöðum). Stórutjarnir: Sundlaug (16m), íþróttasalur. Ydalir: Íþróttasalur, fótboltavöllur. Fnjóskadalur: Golfvöllur (9h), fótboltavöllur (Bjarmavöllur). Bárðardalur og Kinn: Grassvæði við félagsheimili
Langanesbyggð	Þórshöfn: Íþróttahús, sundlaug, þreksalur, sparkvöllur, íþróttavöllur. Á Bakkafirði var einnig byggður upp íþróttavöllur.
Skútustaðahreppur	Reykjahlíð: Íþróttahús, þreksalur, fótboltavöllur, sparkvöllur og golfvöllur (9h). Toglyfta við Kröflu. Mótokross æfingabraut í Svörtuborgum.
Grýtubakkahreppur	Grenivík: Íþróttahús, sundlaug (16m), þreksalur, knattspyrnuvelli, sparkvöllur, golfvöllur (6h, var 9h).
Svalbarðshreppur	Reiðhöll á Gunnarsstöðum .
Tjörneshreppur	Íþróttaaðstaða er ekki á svæðinu

3.3 Aðstaða og iðkun

Íþróttaaðstaða sveitarfélaganna á sambandssvæði HSB er nokkuð góð almennt og býður upp á fjölbreytt starf, utan sveitarfélaganna Svalbarðshrepps og Tjörneshrepps sem hafa ekki íþróttaaðstöðu fyrir fjölgreinafélögin. Í flestum tilfellum er aðstaðan í þéttbýliskjörnum sveitarfélaganna eða við skólasvæði þeirra í dreifbýlli byggðum (tafla 3). Ekki hefur farið fram könnun á ástandi þessara svæða.

Fjöldi iðkenda allra aðildarféлага hvers sveitarfélags gefur til kynna að a.m.k. 70% 6-17 ára íbúa hvers sveitarfélags með virkt aðildarfélag iðki íþróttir með aðildarfélagi innan sveitarfélagsins. Hæsta hlutfallið er 150% í Þingeyjarsveit (108% án Skákfélagsins) en hafa ber í huga að hestamannafélagið Þjálf er vistað í Þingeyjarsveit en félagsvæði þess nær yfir tvö sveitarfélög, ásamt því að hægt er að vera iðkandi í fleiri en einu félagi. Fjöldi iðkenda 18 ára og eldri gefur

til kynna að 23%-88% íbúa hvers sveitarfélags séu iðkendur (23%-42% án Skákfélagsins).

Ef félagatal fjölgreinaféлага annars vegar og sérgreinaféлага hins vegar eru skoðað þá eru um 52% allra íbúa með félagsaðild að fjölgreinafélögum og 22% að sérgreinafélögum. Mun hærri hlutfall iðkenda 6-17 ára iðka íþróttir með fjölgreinafélögum, eða 69% (75% án Skákfélagsins). Á meðal iðkenda 18 ára og eldri eru þessu öfugu farið, þ.e. 63% eru innan sérgreinafélaganna, en ef Skákfélagið er ekki talið með jafnast hlutföllin þannig að 52% eru innan sérgreinafélaganna og 48% innan fjölgreinafélaganna.

3.4 Staða aðildarfélaganna eftir sveitarfélögum

Í þessum hluta verður staða hvers aðildarfélags skoðuð eftir sveitarfélagaskipan, en allar upplýsingar eru fengnar úr starfs-skýrslum sem félögin hafa sent inn til HSB árlega, upplýsingum úr Felix og úr samtölum framkvæmdastjóra við forsvarsfólk félaganna.

3.4.1 Norðurþing

Aðildarfélög HSB sem eiga heimili sitt og varnarþing í Norðurþingi eru ellefu en af þeim eru þrjú óvirk (tafla 4). Af virkum félögum eru fjögur með starfssvæði á Húsavík (Völsungur, Gk. Húsavíkur, Grani og Skotf. Húsavíkur) eitt í Kelduhverfi (Umf. Leifur heppni), eitt á Raufarhöfn (Umf. Austri) og tvö ná yfir Öxarfjarðarhérað (Feykir og Gk. Gljúfri). Starfssvæði óvirku félaganna er Reykjahverfi (Umf. Reykhverfingur), Kópasker (Umf. Snörtur) og Öxarfjörður (Umf. Öxfirðinga).

Hlutfallslega eru flestir hjá 6-17 ára krökkum innan Norðurþings skráðir iðkendur í knattspyrnu eða nær 4 af hverjum 10, næstflestir eru skráðir hestamenn eða tæplega 1 af hverjum 5. Meðal 18 ára og eldri eru flestir iðkendur skráðir í hestamennsku og golf, eða um 1 af hverjum 5 (mynd 8).

Frístundastyrkir eru í boði í sveitarfélaginu og er upphæðin kr. 10.000 fyrir árið 2019 (tafla 2). Að auki hefur sveitarfélagið gert rekstrarsamninga við flest félögin þar sem sveitarfélagið greiðir til félaganna ákveðna upphæð til þess að styðja við starfið eða styðja við uppbyggingu á félagssvæðum aðildarfélaganna.

Ungmennafélagið Austri: Starf Umf. Austri á Raufarhöfn er mjög viðkvæmt og hefur farið hnignandi samfara fækkun barna og íbúa á svæðinu. Félagið hefur reynt að halda úti æfingum í fótbolta og frjálssíþróttum fyrir börn. Erfiðlega gengur að fá þjálfara á svæðið og hafa börn tekið þátt í æfingum og mótum með öðrum t.d. UMFL á Þórshöfn. Blakstarf hefur verið hjá fullorðnum. Félagið tekur þátt Ásbyrgismótinu. Félagið hefur reynt að styðja börn með því að taka þátt í ferðakostnaði þar sem það gengur illa að fá þjálfara á svæðið. Ágætis aðstaða er fyrir félagsmenn í Austri til æfinga á Raufarhöfn en þar er íþróttahús, sundlaug og sparkvöllur (tafla 3). Einnig var gerður þar íþróttavöllur á sínum tíma sem þyrfti að lagfæra/halda betur við. Félagið hefur séð um 17. júní hátíðarhöld á Raufarhöfn og Kvannahlaupið. Félagið hefur verið með samning við sveitarfélagið Norðurþing um starfsstyrk. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki og frjálssíþróttum.

Ungmennafélagið Leifur heppni: Leifur heppni í Kelduhverfi hefur verið eina virka félagið á Öxarfjarðarsvæðinu undanfarin ár og reynt að halda úti æfingum 2x í viku á sumrin í Lundi í fótbolta og frjálsum, í upphafi í samstarfi við Umf. Öxfirðinga en hin seinni ár hefur félagið staðið eitt fyrir æfingunum. Starfið er erfitt vegna fámennis. Langar vegalengdir eru í héraðinu og stóð félagið m.a. fyrir rútuförum á æfingar til þess að létta undir með akstri sem annars fellur á foreldra. Félagið hefur staðið fyrir Þrettándaglegði og grímuballi og tekur þátt í Ásbyrgismótinu. Síðastliðið sumar (2019) var ekkert um æfingar þar sem börnum í

Tafla 4. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Norðurþings 2019.

Sveitarfélag Aðildarfélag Félagatal	Íbúafjöldi/ Félagatal	Iðkendafjöldi % af íbúum			
		6-17 ára		18 ára+	
Norðurþing	3042	374		2477	
Íf. Völsungur	1479	292	78%	271	11%
Hestamannaf. Grani	166	88	24%	78	3%
Gk. Húsavíkur	114	6	2%	108	4%
Skotfélag Húsavíkur	66	0	0%	65	3%
Gk. Gljúfri	10	0	0%	10	0,4%
Umf. Leifur heppni	73	6	2%	3	0,1%
Hestamannaf. Feykir	58	7	2%	51	2%
Umf. Austri	78	12	3%	19	1%
Umf. Reykhverfinga		Óvirkt			
Umf. Öxfirðinga		Óvirkt			
Umf. Snörtur		Óvirkt			


Kelduhverfi hefur fækkað. Engin íþróttaaðstaða er á félagssvæðinu en félagið hefur nýtt grasvöll í Lundi undir sumaræfingar. Félagið hefur verið með samning við sveitarfélagið Norðurþing um starfsstyrk. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í frjálssíþróttum og knattspyrnu.

Hestamannafélagið Feykir: Starfið í Feyki virðist brothætt. Reynt er að halda folaldasýningu og fara í félagsferð árlega. Félagið hefur haldið Eyjadalsmót fyrir hestamenn og stefna að því að halda það annað hvert ár. Einnig hafa þau haldið firmakeppnir. Reiðnámskeið virðast ekki vera haldin reglulega. Félagið getur m.a. nýtt reiðhöll á Snartarstöðum við Kópasker en leigir annars aðstöðu í Eyjadal fyrir mót.

Golfklúbburinn Gljúfri: Gk. Gljúfri hefur ekki verið virkt félag í nokkur ár þó svo að félagar hafi séð um að slá völlinn í Ásbyrgi á þeim tíma. Félagið hélt aðalfund að nýju 2018 og skilaði inn starfsskýrslu og varð aftur að virku félagi innan HSB. Klúbburinn er mjög fámennur og háir það honum mögulega að völlurinn þeirra er í Ásbyrgi sem er innan þjóðgarðs núna. Félagið hefur verið með samning við sveitarfélagið Norðurþing um starfsstyrk.

Hestamannafélagið Grani: Starfið í Grana er í nokkuð föstum skorðum með reglulegum reiðnámskeiðum og ýmsum uppákomum og reiðtúrum. Félagar taka þátt í mótum innan/utan héraðs og halda firmakeppnir. Aðstaða er m.a. reiðhöll sunnan Húsavíkur (í ársskýrslu frá 2011 kemur fram að vilji hestamanna sé að byggingin nýtist fleiri íþróttgreinum s.s. frjálssar, golf, skotfimi..). Félagið tekur þátt í 17.júní hátíðahöldum á Húsavík. Félagið er með samning við sveitarfélagið Norðurþing um starfsstyrk.

Golfklúbbur Húsavíkur: Starfið er í nokkuð föstum skorðum. Félagið er með vallarstjóra og fá hjálp frá vinnu-



Mynd 8. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum innan Norðurlandsþingis 2018, a) 6-17 ára, b) 18 ára og eldri. Fyrir skammstafanir sjá mynd 4.

skóla vegna umhirðu vallarins (samningur við Norðurlandsþing). Félagið býður upp á nýliðakennslu og golfnámskeið fyrir börn og unglinga á sumrin. Þá á félagið golfhermi fyrir vetrarstarf en vantar hentugra húsnæði. Talsvert er um mótahald og félagslega viðburði s.s. kvenna- og karlakvöld. Þeirra aðstaða er við Katlavöll sem er 9 holu völlur. Félagið er með samning við sveitarfélagið Norðurlandsþing um starfsstyrk.

Skotfélag Húsavíkur: Félagið hefur byggt upp skotaðstöðu jafnt og þétt í gegnum árin fyrir ríffilbraut og haglabyssu. Félagið er með aðstöðu fyrir og hefur séð um verklega þáttinn fyrir skotvopnaleyfi og skotpróf. Þá hefur félagið haldið Íslandsmót, Norðurlandsmót og fleiri minni mót. Félagið er með opna tíma þar sem fólk getur æft sig en ekki formleg námskeið eða æfingar. Aðstaða félagsins er á svæði norðan Húsavíkur. Félagið er með samning við sveitarfélagið Norðurlandsþing um starfsstyrk.

Íþróttafélagið Völsungur: Félagið er langstærsta og umfangsmesta félagið innan HSP og er fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Félagið hefur framkvæmdastjóra í fullu starfi auk bókara. Félagið er deildaskipt með 10 aðskildar deildir (almenningsíþróttir, fimleikar, handbolti, blak, boccia, sund, skíði, bardagaíþróttir, knattspyrna í meistara- og yngri flokkum) sem eru allar með reglulegt starf og bjóða upp á æfingar fyrir börn, unglinga og fullorðna. Að auki hafa krakkar úr Völsungi stundað frjálfsíþróttir með HSP. Hver deild er skipuð stjórn og rekur hver deild sig sjálf. Innan almenningsíþróttadeildar er m.a. hlaupahópurinn Skokki og bandýhópur sem standa fyrir æfingum (án ráðins þjálfara) og hlaupakeppnum. Starf deildanna er í frekar föstum skorðum, félagið leggur áherslu á að vera með menntaða þjálfara og sendir félagið árlega þjálfara á námskeið. Þá tekur félagið þátt í Íslandsmótum og öðrum minni mótum, og deildirnar hafa líka staðið fyrir mótahaldi. Félagið hefur aðstöðu á Húsavík á knattspyrnuvöllum (gras og gervigras), í íþróttahöll, sundlaug, og við Reyðarárhjúka. Aðalstjórn félagsins sér að auki um sumarskóla, heldur 17. júní, og sér um jólatré og áramótabrennu. Félagið er með samning við sveitarfélagið Norðurlandsþing um starfsstyrk. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki, frjálfsíþróttum, fimleikum, handbolta, íþróttum fatlaðra, karate, knattspyrnu, mótorsporti, skíðaíþróttum, sundi og taekwondo.

Ungmennafélagið Reykhverfingur: Óvirkt félag sem skilaði

síðast inn starfsskýrslu til HSP og ÍSÍ árið 2007. Félagið hafði þá verið í samstarfi við Umf. Geisla en börn úr Reykjahverfi sóttu áður skóla í Aðaldal. Nú er félagið innan sveitarfélaga-marka Norðurlandsþingis og sækja börn skóla til Húsavíkur, og má leiða líkur að því að flest sækja íþróttaiðkun til félaganna þar. Fjöldi félagsmanna 2007 var 23 og iðkendur 0. Á félagssvæðinu er lítil/engin íþróttaaðstaða utan lítillar sundlaugar í Heiðarbæ.

Ungmennafélagið Snörtur: Óvirkt félag sem skilaði síðast inn starfsskýrslu til ÍSÍ árið 2011 og HSP árið 2013. Varð óvirkt m.a. sökum þess að börnum á svæðinu fækkaði. Fjöldi félagsmanna 2011 var 45 og iðkendur 32. Á félagssvæðinu er íþróttaaðstaða á Kópaskeri, bæði íþróttavöllur og íþróttahús.

Ungmennafélag Öxfirðinga: Óvirkt félag sem skilaði síðast inn starfsskýrslu til ÍSÍ árið 2009 og HSP árið 2013. Stóðu fyrir sumarstarfi í Lundi í samstarfi við Leif heppna fram til 2013. Fækkun íbúa hefur verið vandamál. Fjöldi félagsmanna 2009 var 85 og iðkendur 30. Á félagssvæðinu er íþróttaaðstaða í Lundi, íþróttahús, lítil sundlaug og sléttur grasvöllur.

Samantekt – Norðurlandsþing: Í Norðurlandsþingi er íþróttastarf á Húsavík öflugt með virkum félögum sem bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir börn, unglinga og fullorðna, bæði æfingar og keppni. Félagsstarf á því svæði stendur sterkt. Nærsvæitir Húsavíkur njóta góðs af starfinu þar en börn úr nágrenna-sveitarfélögum hafa sótt æfingar í ýmsum íþróttum og foreldrar lagt á sig jafnvel um 100 km akstur aðra leið til þess að koma börnum á æfingar. Austan Húsavíkur, þ.e. á Öxarfjarðarsvæðinu og allt austur á Raufarhöfn er íþróttastarf hins vegar ákaflega brothætt og í takt við íbúapróun á svæðinu. Þessi félög tilheyra öll gamla Ungmennafélagi Norðurlandsþingeyinga (UNP) og virðast ekki öll hafa náð sér á strik í nýju héraðssambandi. Hefur í því sambandi verið minnst á íþyngjandi skattheimtu HSP fyrir félagsmenn 16 ára og eldri, en svo virðist sem einhver félög innan UNP hafi ekki haft þá venju að rukka félaga sína um félagsgjald, og heldur ekki tekið upp á því í hinu nýja héraðssambandi. Þá náðist ekki heldur að manna fulltrúa félaganna á ársþing HSP og því féllu allar lottógreiðslur niður til félaganna. Það er nokkur ógn í því falin að íþróttastarf á mjög stóru landsvæði er svo brothætt sem raun ber vitni og mikilvægt að skoða vel hvernig best er að styrkja stöðir þessara félaga á svæðinu.

3.4.2 Þingeyjarsveit

Aðildarfélag HSB í Þingeyjarsveit eru átta, þar af er eitt óvirkt (tafla 5). Eitt ungmennafélag er í hverri gamalli sveit en í Aðaldal er Umf. Geisli, Reykjadal er Umf. Efling, Bárðardal er Umf. Einingin og í Fnjóskadal er Umf. Bjarmi. Starfssvæði Hestamannafélagsins Þjálfar nær yfir bæði Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp og Skákfélagið Huginn er með starfssvæði sitt í Suður-Þingeyjarsýslu og á höfuðborgarsvæðinu. Starfssvæði Gk. Lunds er ekki tilgreint en völlum félagsins er í Fnjóskadal. Starfssvæði Umf. Gaman og Alvöru var í Kinn og Ljósavatnsskarði.

Hlutfallslega eru flestir af 6-17 ára iðkendum innan Þingeyjarsveitar skráðir hestamenn og í skák eða um 1 af hverjum 4. Hins vegar ef skákfélagið er ekki talið með eru rúmlega 1/3 iðkenda hestamenn en tæplega 1 af hverjum 3 börnum stunda almenningisíþróttir sem má túlka sem blandaðar íþróttir þar sem félögin á svæðinu bjóða upp á blandað starf með almenna hreyfingu að markmiði og félagsstarf frekar en keppni. Meðal 18 ára og eldri eru yfir helmingur iðkenda í skák en án skákfélagsins eru 1 af hverjum 3 iðkendum í hestamennsku og tæplega 1 af 5 í blaki og golfi (mynd 9).

Frístundastyrkir eru í boði í sveitarfélaginu og er upphæðin kr. 15.000 fyrir árið 2019. Sveitarfélagið er ekki með skriflega styrktarsamninga við aðildarfélögin en styður þó við starf þeirra m.a. með því að fella niður/greiða húsaleigu fyrir barna og unglingastarf en að auki geta félögin sótt um styrki í sjóði sveitarfélagsins vegna þeirra verkefna sem þau standa fyrir.

Hestamannafélagið Þjálfar: Félagið heldur úti nokkuð reglulegu starfi og bjóða þau upp á reiðnámskeið árlega. Félagið heldur árlega tvö stór mót ásamt firmakeppni. Starfssvæði félagsins nær yfir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Skeiðvöllur er á Einarssstöðum þar sem mót eru haldin, fyrir utan ísmótið sem haldið er á Mývatni. Einnig geta félagsmenn leigt aðstöðu í reiðhöllinni við Saltvík og þá hefur félagið nýtt reiðskemmu í Torfunesi í Kinn þegar reiðnámskeið eru haldin.

Skákfélagið Huginn: Félagið er eingöngu aðili að HSB og Skáksambandi Íslands en ekki að ÍSí þar sem Skáksamband Íslands er ekki aðili ÍSí. Félagið hefur gengið í gegnum


Tafla 5. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Þingeyjarsveitar 2019

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélag	Félagatal	Iðkendafjöldi % af íbúum			
			6-17 ára		18 ára+	
Þingeyjarsveit	894		130		721	
Hestamannaf. Þjálfar	154		57	44%	89	12%
Umf. Bjarmi	114		22	17%	50	7%
Umf. Efling	227		60	46%	83	12%
Umf. Einingin	60		1	1%	1	0,1%
Umf. Geisli	72		0	0%	24	3%
Skákfélagið Huginn	393		57	44%	336	47%
Gk. Lundur	54		0	0%	54	7%
Umf. Gaman og alvara			Óvirkt			

nokkrar sameiningar á undanförunum áratug og er nú með starfssvæði bæði á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Norðurdeild félagsins hefur í gegnum tíðina haldið fjölda skákmóta árlega og eins staðið fyrir æfingum í Þingeyjarsveit og á Húsavík. Félagið hefur ekki beina aðstöðu á svæðinu en hefur m.a. fengið að nýta húsnæði grunnskóla og Framsýnar fyrir æfingar og keppni.

Ungmennafélagið Geisli: Félagið er ekki mjög virkt lengur. Það hefur þó ávallt skilað inn starfsskýrslum bæði til HSB og ÍSí en undanfarin 5 ár hefur félagið ekki staðið fyrir skipulögðu starfi fyrir börn og unglinga. Fótboldamenn í félaginu hafa þó tekið þátt í 4. d. karla í fótbolda undanfarin 3 ár. Börn sem búa á félagssvæðinu sækja æfingar annað. Á félagssvæðinu er m.a. íþróttasalur í Ydölum og fótboldavöllur (var frjálsíþróttavöllur einnig hér áður fyrr). Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki, bridds og knattspyrnu.

Ungmennafélagið Efling: Félagið hefur staðið fyrir reglbundnu íþróttastarfi sumar og vetur fyrir börn og unglinga og þá oftast í fótbolda og leikjum (almenningsíþróttir) en einnig í bogfimi og blaki. Þá hafa félagar lagt stund á frjálsíþróttir með HSB. Golfnefnd er í félaginu sem hefur séð til þess að hægt er að spila golf á Laugum á sumrin og stöku sinnum staðið fyrir ókeypis kennslu. Öflugt leikstarf er í félaginu með leikverkum annað hvert ár alla jafna, stundum árlega. Börn úr nágrennfélögum/sveitum hafa sótt æfingar á vegum Eflingar. Félagið nýtur góðs af nálægð sinni við



Mynd 9. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum innan Þingeyjarsveitar 2018, a) 6-17 ára, b) 18 ára og eldri. Fyrir skammstafanir sjá mynd 4.

Framhaldsskólann á Laugum, en margir þjálfarar hafa jafnframt verið nemendur skólans. Félagið stendur einnig fyrir spilavist, þorablóti, ruslatínslu og heldur 17. júní. Félagið hefur nýtt sér aðstöðu á Laugum til æfinga (Íþróttavöllur, golfvöllur, íþróttahús og sundlaug, en leikstarf fer fram í samkomuhúsinu á Breiðumýri). Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki, bogfimi, bridds, frjálsíþróttum, almenningssíþróttum, knattspyrnu og leiklist.

Ungmennafélagið Einingin: Félagið hefur ekki staðið fyrir miklu starfi á undanförunum árum, þó er spilaður fótboldi 1x í viku á sumrin. Félagið bauð upp á æfingar 1x í viku sl. vetur á Stórutjörnum. Börn á félagssvæðinu hafa annars tekið þátt í vetrarstarfi hjá Umf. Bjarma eða með öðrum félögum s.s. með HSB í frjálsíþróttum. Félagið heldur Þorablót og sinnir skógarreit. Aðstaða fyrir íþróttaiðkun á svæðinu er lítil, grasvöllur við Kiðagil. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í frjálsíþróttum.

Ungmennafélagið Bjarmi: Félagið hefur staðið fyrir vetrarstarfi fyrir börn og unglinga í Stórutjarnarskóla, í þeim greinum sem óskað er eftir og hægt er að koma við s.s. leiki, blak og körfu og leikjanámskeiði og fótboldaspili 2x í viku á sumrin. Frjálsíþróttir hafa verið stundaðar með HSB. Bjarmi er með margar nefndir starfandi sem halda t.d. spilakvöld, standa að félagsferðum, halda Bjarmaball og Bjarmahátíð. Félagið á og sér um Bjarmavöll sem er grasvöllur með fótboldamörkum og einnig frísbílgolfkörfu. Á veturna nýtir félagið sér íþróttasalinn í Stórutjarnarskóla auk þess sem skíðagönguleiðir hafa verið ruddar í Vaglakvígi. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki, bridds, frjálsíþróttum, og almenningssíþróttum.

Golfklúbburinn Lundur: Klúbburinn hefur boðið upp á kennslu en ekki undanfarin ár. Klúbburinn er í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar bæði með mótahald og með hirðingu vallar. Félagið heldur nokkur mót á ári. Þeirra aðstaða er Lundsvöllur í Fnjóskadal.

Ungmennafélagið Gaman og Alvara: Félagið óskaði eftir því að verða óvirkt árið 2018. Þá hafði lítið starf verið í félaginu í mörg ár fyrir utan þrettándagleði með bingói sem félagið hefur haldið. Börn á félagssvæðinu hafa sótt æfingar annað, t.a.m. hjá Umf. Bjarma í Stórutjarnarskóla á vetrum, Umf. Eflingu og stundað frjálsíþróttir með HSB. Á félagssvæðinu er grasvöllur við Ljósveitningabúð.

Samantekt – Þingeyjarsveit: Starf félaganna í Þingeyjarsveit er ákaflega misjafnt og má eflaust kenna það legu félaganna og íbúafjölda. Á heildina lítið er starfið sæmlega fjölbreytt og fólk á öllum aldri hefur tækifæri til ýmiss konar hreyfingar eða þátttöku í félagsstarfi. Starf þjálfra, Bjarma og Eflingar virðist ganga nokkuð vel sem og starf Hugins. Þó svo að börn sækja æfingar hjá nágrannafélögum, þá verður ekki séð að félögin hafi staðið í sameiningu að starfinu eða hafi almennt í gegnum tíðina haft með sér mikið samstarf. Félögin á svæðinu hafa notið góðs af því að Frjálsíþróttaráð HSB hefur staðið fyrir frjálsíþróttæfingum á Laugum bæði sumar og vetur sem börn úr öllum ungmennafélögnum hafa sótt, og víðar úr héraðinu. Visst áhyggjuefni fyrir félögin á svæðinu er fámenni á hverju félagsvæði og í sumum tilfellum nokkuð langar vegalengdir. Þá er áhuga-vert að félögin hafi ekki haft með sér meira samstarf um barna- og unglingastarf á vetrum þar sem þau tilheyra nú aðeins tveimur skólasvæðum.

3.4.3 Langesbyggð

Fjögur félög í Langesbyggð eiga aðild að HSB (tafla 6). Tvö þeirra eru á Þórshöfn (Umf. Langnesinga og Skotfélag Þórshafnar og nágrennis), en starfssvæði Hestamannafélagsins Snæfaxa nær bæði yfir Langesbyggð og alla leið norður á Rauðarhöfn og nágrenni. Ungmennafélag Bakkafjarðar var á Bakkafirði en það er óvirkt félag.

Yfir helmingur iðkenda 6-17 ára innan Langesbyggðar eru í knattspyrnu og um fjórðungur er í frjálsíþróttum. Meðal 18 ára og eldri eru nær þrír af hverjum fjórum iðkendum hestamenn (mynd 10).

Frístundastyrkir eru í boði í Langesbyggð og er upphæðin kr. 30.000 fyrir árið 2019. Sveitarfélagið er ekki með formlega samninga við íþróttafélögin varðandi rekstur þeirra en styðja þó við þau með því að fella niður húsaleigu í mannvirkjum Langesbyggðar og eins geta félögin sótt um styrki til sveitarfélagsins.

Ungmennafélag Langnesinga: Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir reglulegu starfi fyrir börn og unglinga á Þórshöfn og nágrenni bæði vetur og sumar. Æfingar fyrir yngri hafa rúmast á gæslutíma skóla að vetri og er reynt er að bjóða upp á 2-3 æfingar á viku fyrir hvern aldurshóp í

Tafla 6. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Langesbyggðar 2019

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélag Félagatal	Íðkendafjöldi % af íbúum			
		6-17 ára		18 ára+	
Langnesbyggð	504	74		403	
Umf. Langnesinga	323	50	68%	0	0%
Hestamannaf. Snæfaxi	83	14	19%	62	62%
Skotfélag Þórshafnar og nágr.	25	0	0%	25	25%
<i>Umf. Bakkafjarðar</i>		Óvirkt			


mismunandi greinum en helst er það fótboldi og frjálsíþróttir sem eru stundaðar. Það virðist ganga nokkuð vel að manna þjálfarastöður og fjölmargir koma að þjálfun hjá félaginu. Iðkendur úr félaginu hafa tekið þátt í mótum ýmist undir nafni UMFL eða í samstarfi við önnur félög. Félagið hefur hingað til ekki staðið fyrir starfi fyrir þá sem eru komnir upp úr grunnskólanum. Þó hefur nýlega bæst við iðkendahópur í blaki eldri iðkenda. Nokkur velta hefur verið á stjórnaðfólki í félaginu undanfarið. Félagið nýtir aðstöðu á Þórshöfn til æfinga, íþróttahús og íþróttavelli. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í frjálsíþróttum og knattspyrnu.

Hestamannafélagið Snæfaxi: Félagið hefur staðið fyrir reiðnámskeiðum og félagsreiðtúrum árlega og einnig reynt samstarf við grunnskólann um kennslu í knapamerkjum. Félagið heldur firmakeppnir og félagar taka þátt í mótum og sýningum innan og utan héraðs. Félagið nær allt frá Raufarhöfn og yfir á Bakkafjörð og sameinar þannig hestamenn á þessu svæði. Reiðhöll er á Gunnarsstöðum í Svalbarðshreppi.

Skotfélag Þórshafnar og nágrennis: Félagið er nýlega stofnað (2018) og lítið starf hafið enn sem komið er sökum aðstöðuleysis. Helsta verkefnið er að fá æfingasvæði svo eitthvert starf geti hafist.

Ungmennafélag Bakkafjarðar: Óvirkir félag. Upplýsingar eru takmarkaðar varðandi hvenær félagið var síðast starfandi, hverjir sátu í stjórn eða félagatal. Íþróttavöllur var byggður upp á sínum tíma á Bakkafirði.

Samantekt – Langanesbyggð: Íþróttastarf í Langanesbyggð er með nokkrum ágætum og sæmilega fjölbreytt í ekki fjölmennara byggðalagi. Það er áhugavert og sérstakt að UMFL virðist ekki hafa staðið fyrir íþróttastarfi fyrir fullorðna en það er möguleg breyting þar á með tilkomu blakhópsins. Það er áhyggjuefni að hægt gangi að finna heppilegt svæði undir skotíþróttir á svæðinu því það er eiginlega grundvöllur fyrir því að félagið geti boðið upp á starf. Hvað varðar Umf. Bakkafjarðar og mögulega framtíð þess þyrfti að skoða hvort það er grundvöllur fyrir því að endurreisa



Mynd 10. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum innan Langanesbyggðar 2018, a) 6-17 ára, b) 18 ára og eldri. Fyrir skammstafanir sjá mynd 4.

félagið. Í gögnum HSP um óvirk félög 2012 hefur verið haft samband við félagið og umræðan þá var hvort ætti að leggja félagið niður eða endurvekja það. Félagið átti peninga á bók og spurning var hvort hægt væri þá að nýta þá í íþróttahöld fyrir skólann (á Bakkafirði). Skólahald er ekki lengur á Bakkafirði heldur eru börnin keyrð til Þórshafnar, og spyrja má hvort íbúar Bakkafjarðar taki þátt í íþróttastarfinu á Þórshöfn eða sækji til Vopnafjarðar. Eins mætti spyrja hvort íbúar Bakkafjarðar myndu græða meira á því að starfa undir t.d. UMFL í stað þess að halda úti litlu félagi sjálfir.

3.4.4 Skútustaðahreppur

Þrjú aðildarfélög HSP eru í Skútustaðahreppi: Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag, Aksturíþróttafélag Mývatnssveitar og Golfklúbbur Mývatnssveitar (tafla 7). Að auki nær starfssvæði Hestamannafélagsins Þjálfar yfir hreppinn (sjá umfjöllun undir Þingeyjarsveit).

Yfir helmingur iðkenda 6-17 ára innan Skútustaðahrepps er skráður í frjálsíþróttir og um þriðjungur í knattspyrnu. Meðal 18 ára og eldri eru um þriðjungur iðkenda í mótorsport og um 1 af hverjum 4 er í blaki og knattspyrnu (mynd 11).

Sveitarfélagið hefur ekki verið með frístundastyrki en er með skriflegan rekstrarsamning við Mývetning og styður við Golfklúbbinn með niðurfellingu gjalda.

Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag: Félagið er eina fjölgreinafélag sveitarfélagsins og hefur í gegnum tíðina reynt að standa fyrir reglulegu starfi, jafnt vetur sem sumar. Félagið er í samstarfi við grunnskólann með íþróttaskóla í frístund á yngsta stigi á veturna. Jafnframt hefur félagið boðið upp á hreyfingu og íþróttir af ýmsu tagi fyrir unglinga og fullorðna. Einna helst hefur félagið staðið fyrir æfingum í fótbolta, skíðum, frjálsíþróttum/leikjum og blaki og þá var glíma lengi iðkuð í félaginu. Félagið hefur tekið þátt í Hreyfiviku UMFÍ og tekur þátt í skipulagi vegna Mývatnsmaraþons. Félagið er með samning við sveitarfélagið varðandi

Tafla 7. Íbúa-, féлага- og iðkendatölur Skútustaðahrepps 2019

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélag Félagatal	Iðkenda fjöldi % af íbúum			
		6-17 ára		18 ára+	
Skútustaðahreppur	502	44		422	
Mývetningur íþr. og ungm.f.	205	34	77%	49	49%
Gk. Mývatnssveitar	13	0	0%	13	13%
Akstursíþr.f. Mývatnssveitar	48	0	0%	36	9%


úthlutun á tímum í íþróttahúsi og styrk til félagsins. Félagið nýtir aðstöðu í Reykjahlíð (íþróttahús, íþróttavöll og sparkvöll) og skíðalyftu í Kröflu. Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í blaki, frjálsíþróttum, glímu, knattspyrnu og skíðaíþróttum. Frjálsíþróttaiðkendur áttu þó a.m.k. einhverjir að vera skráðir undir almenningíþróttum en tölvukerfið Felix leyfði ekki þær skráningar og fengu þau leiðbeiningar um að skrá iðkendur íþróttaskóla á þennan hátt.

Aksturíþróttafélag Mývatnssveitar: Félagið hefur ekki verið með mikið starf á undanförunum árum þó reglulega keppi félagar á mótum hérlandis. Félagið hélt áður mót í ís- og snocrossi sérstaklega. Æfingabraut félagsins er í Svörtuborgum en þau halda ekki úti reglulegum æfingum.

Golfklúbbur Mývatnssveitar: Félagið er með 9 holu völl í Krossdal og hafa alla jafna haldið 2-3 mót árlega, en ekki

staðið fyrir formlegum æfingum eða kennslu. Félagið er með samning við sveitarfélagið um niðurfellingu gjalda vegna vallahúss.

Samantekt – Skútustaðahreppur: Starf félaganna í Skútustaðahreppi er nokkuð í takt við íbúafjölda og -þróun, örlítið sveiflukennt og brothætt. Tvö félaganna halda ekki úti reglubundnum æfingum, og starfið ræðst af einstaklingsþátttöku. Mývetningur hefur reynt að halda úti starfi eins og við verður komist, hafa fært sig upp í eldri þátttakendur þar sem íbúaþróunin hefur verið þannig. Eins dregur ferðþjónustan unglingana til sín á sumrin og erfiðara er að halda úti skipulögðu starfi fyrir þann aldurshóp. Félagssvæði Hestamannafélagsins Þjálfar nær einnig yfir Skútustaðahrepp og halda þeir ísmót á vatninu þar.



Mynd 11. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum innan Skútustaðahrepps 2018, a) 6-17 ára, b) 18 ára og eldri. Fyrir skammstafanir sjá mynd 4.

3.4.5 Grýtubakkahreppur

Tvö aðildarfélög HSP eru í Grýtubakkahreppi: Íþróttafélagið Magni og Golfklúbburinn Hvammur (tafla 8). Sveitarfélagið býður upp á frístundastyrki og er upphæðin kr. 27.500 fyrir árið 2019. Sveitarfélagið er með rekstrarsamninga við bæði félögin en að auki styður dótturfélag sveitarfélagsins vel við félögin.

Yfir 90% iðkenda 6-17 ára innan Grýtubakkahrepps er í knattspyrnu og um ¾ þeirra 18 ára og eldri (mynd 12).


Íþróttafélagið Magni: Félagið einbeitir sér fyrst og fremst að knattspyrnuíðkun þó svo að aðrar íþróttir hafi verið reyndar líka en hafa yfirleitt fjarð út vegna þjálfara- og aðstöðuleysis. Félagið er í samstarfi við KA og Þór í knattspyrnu en börn og unglingar af svæðinu sækja æfingar þangað en keppa þó með Magna á þeim mótum sem næst í lið, en spila annars með Akureyrarliðum. Samningar eru við Akureyrarlið um leikmenn 2. flokks og meistaraflökks. Börn/unglingar af svæðinu sækja til Akureyrar fyrir aðrar íþróttagreinar. Félagið nýtir aðstöðuna á Grenivík til æfinga (íþróttahús og fótboltavelli). Samkvæmt starfsskýrslum í Felix 2019 var félagið með skráða iðkendur í knattspyrnu.

Golfklúbburinn Hvammur: Lítil golfklúbbur sem er nú með 6 holu völl (var 9 holur). Félagið hefur verið í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar með hirðingu á vellinum. Félagið reynir að bjóða upp á kennslu 2x í viku í mánuð y. sumar þátttakendum að kostnaðarlausu. Mótahald hefur verið misjafnt, minna nú í seinni tíð. Golfvöllur félagsins er rétt við Grenivík.

Samantekt – Grýtubakkahreppur: Íþróttastarf í Grýtubakkahreppi er ekki sérlega fjölbreytt en knattspyrnustarf

Tafla 8. Íbúa-, félaga- og iðkendatölur Grýtubakkahrepps 2019

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélag	Félagatal	Iðkenda fjöldi % af íbúum	
			6-17 ára	18 ára+
Grýtubakkahreppur	371		63	284
Íf. Magni	208		41 65%	65 23%
Gk. Hvammur	25		3 5%	22 8%



Mynd 12. Hlutfall iðkana eftir íþróttagreinum innan Grýtubakkahrepps 2018, a) 6-17 ára, b) 18 ára og eldri. Fyrir skammstafanir sjá mynd 4.

stendur þó nokkuð sterkt. Hreppurinn er ekki mjög fjölmennur sem hefur eflaust áhrif, eins nálægð við Akureyri með allt sitt íþróttarárval, og þá virðist m.a. þjálfaraskortur hamla öðrum íþróttagreinum. Taka verður fram að hestamannafélag er í Grýtubakkahreppi en það er með aðild að Ungmennasambandi Eyjafjarðar.

3.4.6 Svalbarðshreppur

Aðeins eitt aðildarfélag HSP (Ungmennafélagið Afturelding) er með lögheimili í hreppnum en það er óvirkt (tafla 9). Að auki nær starfssvæði Hestamannafélagsins Snæfaxes yfir Svalbarðshrepp (sjá umfjöllun undir Langanesbyggð). Sveitarfélagið býður upp á frístundastyrki fyrir börn í sveitarfélaginu og er upphæðin kr. 30.000 árið 2019.

Ungmennafélagið Afturelding: Óvirkt félag sem skilaði síðast inn skýrslu til ÍSÍ árið 2013 en hefur ekki skilað inn starfsskýrslum um starfið til HSP frá 2010. Félagsmenn við síðustu skil til ÍSÍ árið 2013 voru einungis átta. Börn á starfssvæðinu stunda íþróttir með öðrum félögum s.s. Umf. Langnesinga á Þórshöfn. Ekki er íþróttahús á starfssvæði félagsins.

Tafla 9. Íbúa-, félaga- og iðkendatölur Svalbarðshrepps 2019.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélög	Félagatal	Iðkendafjöldi % af íbúum 6-17 ára	18 ára+
Svalbarðshreppur	91		17	71
<i>Umf. Afturelding</i>			Óvirkt	

Samantekt – Svalbarðshreppur: Íþróttastarf í Svalbarðshreppi er frekar fátæklegt/einhæft, en hreppurinn er einnig fámennur. Skoða ætti alvarlega hvort það myndi ekki koma öllum til góða ef virkt fjölgreinafélag eins og t.d. UMFL næði yfir íbúasvæði hreppsins.

3.4.7 Tjörneshreppur

Í Tjörneshreppi er **Ungmennafélag Tjörnesinga**, (tafla 10), óvirkt félag sem skilaði síðast inn starfsskýrslu til ÍSÍ árið 2015 og HSP árið 2010. Þá hafði um nokkurra ára bil ekki verið önnur starfsemi í félaginu en spilakvöld þar sem engin börn voru í UMFT. Sveitarfélagið hefur ekki boðið upp á frístundastyrki. Félagsmenn 2015 voru 42 og iðkendur sex.

Samantekt – Tjörneshreppur: Staðan í Tjörneshreppi er afar veik þar sem sveitarfélagið er svo fámenn. Þaðan er hins vegar ekki svo langt að sækja fjölbreytt starf til Húsa-víkur, en líkt og með Svalbarðshrepp mætti spyrja hvort það myndi ekki þjóna öllum aðilum betur ef starfssvæði t.d. Völsungs næði yfir Tjörneshrepp.

Tafla 10. Íbúa-, félaga- og iðkendatölur Tjörneshrepps 2019.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi/ Aðildarfélög	Félagatal	Iðkendafjöldi % af íbúum 6-17 ára	18 ára+
Tjörneshreppur	55		2	52
<i>Umf. Tjörnesinga</i>			Óvirkt	



Hluti þátttakenda á Aprílmóti Frjálsíþróttaráðs HSP 2019.

4. Heildarmat á stöðunni - SVÓT greining

Aðildarfélög HSP eru í dag samtals 30, þar af eru sjö óvirk (án starfandi stjórnar). Starf í virkum félögum er afar misjafnt, mjög gott og fjölbreytt hjá sumum en ekkert hjá öðrum. Starfið er erfiðara á dreifbýlum svæðum þar sem jafnframt er oft bæði fámenni og langar vegalengdir. Skortur á þjálfurum kemur gjarnan fram á dreifbýlum svæðum, eða skortur á iðkendum.

Starfið innan héraðs er almennt sterkast á Húsavík en ef horft er eftir sveitarfélögum er starfið frekar veikburða eða brothætt austar í Norðurþingi þar sem dreifbýli er meira, lengri vegalengdir og nokkuð mörg óvirk eða lítið virk félög. Segja má að starfið í Þingeyjarsveit sé viðkvæmt, félögin halda úti starfi en eru ekki í miklu samstarfi sín á milli og einnig eru vegalengdir nokkrar. Virku félögin í Langanesbyggð standa nokkuð vel, en skortur er þó á fjölbreyttu starfi fyrir eldri iðkendur. Í Skútustaðahreppi hefur Mývetningur reynt að aðlagast sig breyttu landslagi með því að bjóða upp á hreyfingu fyrir eldri iðkendur en starfið í hinum félögum er viðkvæmt. Íbúar Grýtubakkahrepps njóta nálgðar við Akureyri upp á úrval íþróttar, en líða mögulega fyrir það á sama tíma þar sem ekki hefur tekist að halda úti fjölbreyttu starfi í sveitarfélaginu. Í Svalbarðshreppi og Tjörneshreppi skortir skipulagt starf.

Íbúapróun á sambandsvæðinu síðastliðin 10 ár er þannig að hlutfallslega hefur íbúum yngri en 20 ára fækkað á meðan íbúum um og yfir 50 ára er að fjölga (sjá stefnu HSP *Æfum alla ævi*). Það er því ljóst að hinn venjubundni markhópur fjölgreinafélaga, í það minnsta, hefur minnkað. Sérgreinafélögin (hestamenn, golf, skotfélög og mótorsport) eru á vissan hátt öðruvísi en fjölgreinafélög því innan sérgreinafélaganna eru allir félagar jafnframt iðkendur óháð þátttöku í æfingum eða keppni. Iðkendur þeirra eru því jafnan eldri, jafnvel allir komnir í fullorðinna manna tölu, og sjá oft um að stunda sína íþrótt sjálfir, þ.e. eru ekki endilega að taka þátt í námskeiðum, æfingum eða öðru þó svo að flestir myndu líklega þiggja tilsögn ef hún væri í boði. Í fjöl-

greinafélögum er alla jafna nokkuð mikil áhersla lögð á barna- og unglingastarf frekar en meistaraflökka/eldri iðkendur og eru mun fleiri af þeirra iðkendum ennþá ólög-ráða. En með breyttri íbúasamsetningu hefur barna- og unglingastarf víða orðið erfitt, það vantar iðkendur og fæst félaganna hafa aðlagast sig og boðið upp á hreyfingu og íþróttir sem henta eldri iðkendum (sérgreinafélög eru hér ekki á meðal). Jákvæð þróun virðist þó vera í blaki, þar hafa hópar myndast, en það starf hefur samt sem áður ekki endilega verið innan aðildarfélaganna sjálfra, enda ekki þörf á því nema þátttakendur vilji taka þátt í viðurkenndum mótum.

Í stefnu HSP *Æfum alla ævi* voru sett fram þrjú markmið: Aukin hreyfing, íþróttir fyrir alla og efling sjálfbæðilaða. Þátttaka yngri iðkenda (6-17 ára) í skipulögðu íþróttastarfi virðist vera nokkuð góð eða líklega um og yfir 60% að minnsta kosti í hverju sveitarfélagi. Þetta starf er mikilvægt, bæði í tengslum við bættu lýðheilsu, en einnig í bættri andlegri og félagslegri líðan, sjálfsmynd og sjálfsgaga (sjá stefnu HSP *Æfum alla ævi*). Hins vegar má alltaf gott bæta og fjölga iðkendum. Meðal 18 ára og eldri er þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi á vegum aðildarfélaganna aðeins um 20% og endurspeglar vonandi ekki reglulega hreyfingu íbúa á þessum aldri. Hreyfing þessa aldurshóps hefur tilhneigingu til þess að færast frá félagasamtökum líkt og ungmennta- og íþróttafélögum og yfir til einkaaðila á borð við líkamsræktarstöðvar. Hér liggja þó tækifæri til þess að bjóða upp á skipulagt starf fyrir fullorðna, námskeið og skipulagðar æfingar í hóp eru oft góður hvati fyrir þá sem eiga erfitt með að koma sér af stað sjálfir og hreyfa sig reglulega.

Samvinna milli aðildarfélaganna HSP er mismikil hvað varðar æfingar, mótahald eða aðra viðburði o.fl. og mætti eflaust vera meiri. Ekki eru starfandi sérráð HSP um aðrar íþróttgreinar en frjálfsíþróttir þó lengi hafi knattspyrnuráð verið starfandi með tilheyrandi héraðsmótahaldi. Héraðsmót

SVÓT-greining svæðisins

Styrkleikar - Fjölbreytt starf á Húsavík, íbúum í nær- og fjærsvæitum til góða - Sú íþróttastaða sem er í hverjum þéttbýliskjarna og við núverandi skólastofnanir - Aðildarfélögin vilja halda úti starfi	Tækifæri - Íbúar svæðisins, breytt aldurssamsetning - Heilsueflandi samfélög / samvinna við sveitarfélögin - Almenningsíþróttir / smærri greinar sem krefjast færri iðkenda - Samvinna milli félaga
Veikleikar - Svæðið er stórt, byggðin er dreifð og hér er fámenni - Þjálfaraskortur - Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði - Skortur á samstarfi - Skortur á skipulögðu starfi fyrir fleiri/eldri aldurshópa	Ógnanir - Mörg fámenn félög – fáir íbúar - Óvirk félög – óvirkir félagar – óvirk svæði - Þjálfaraskortur - Hugarfarsbreyting - Aðstaða

hafa að mestu verið aflögð utan héraðsmóts í sundi og mótum í frjálsíþróttum en það er spurning hvort það sé rétt þróun og hvort þau verkefni sem bjóðast í öðrum greinum hæfi þá aldri, þroska og þjálfun iðkenda og séu aðgengileg landfræðilega. Með aukinni samvinnu og samstarfi t.d. með sameiginlegum æfingum mætti liðka fyrir að fleiri hefðu tök á að taka þátt í hópíþróttum sem krefjast fleiri þátttakenda. Einnig væru samlegðaráhrif fólgin í því að iðkendur kynnist í gegnum meira samstarf og eigi samtal við aðra iðkendur og þjálfara til að styrkja félagslegan bakgrunn. Þá má ekki gleyma því að með breyttri íbúasamsetningu opnast líka tækifæri fyrir nýja hugsun, ný tækifæri og viðburði sem henta hinum almenna félagsmanni jafn vel og „íþróttamanninum“. Þannig mætti með meira samstarfi treysta grunn þess að íþróttir innan héraðsins séu fyrir alla og veiti fleirum tækifæri auk þess að efla félagskapinn.

Að halda úti reglulegu og skipulögðu íþróttastarfi er hins vegar ekki einfalt og verður ekki hrist fram úr erminni. Stjórnun íþróttar- og ungmennafélaga er unnin í sjálfböðavinnu og einungis helst þeir sem koma að þjálfun sem fá greitt fyrir framlag sitt. Sjálfböðastarfi sem fylgir íþróttahreyfingunni er mjög mikilvægt því án sjálfböðaliða væri framkvæmd flestra íþróttatengdra viðburða í samfélaginu illmöguleg. Hlúa verður að þeim sem taka að sér þessi störf m.a. með því að gera skipulag og skipurit félaga einfaldara og markvissara þannig að auðvelt sé að fá fólk til starfa án þess að drekkja viðkomandi í vinnu. Þá hafa með breyttu samfélagi bæst á herðar stjórnenda íþróttar- og ungmennafélaga ýmsar skyldur og boð frá íþróttayfirvöldum, t.a.m. persónuverndarstefna, #metoo, jafnréttissjónarmið og fleira sem getur virkað íþyngjandi fyrir þá sem sitja í

stjórnun félaganna. Viðhald þekkingar og fræðsla skiptir hér máli, að það sem unnið hefur verið að tapist ekki og sífellt sé verið að finna hjólið upp á nýtt. Samstarf og samvinna við íþróttahérað gæti mögulega einfaldað verkin og létt störf stjórnenda og stuðlað að eðlilegri veltu sjálfböðaliða.

Það er óneitanlega ákveðið vandamál bundið óvirkum/lítt starfandi íþróttar- og ungmennafélögum. Flest eiga þessi félög sameiginlegt að félagssvæði þeirra eru fámenn og byggðir dreifðar sem hafa valdið því að starfið hefur lognast út af. Í sumum tilfellum er einnig stutt í næsta aðildarfélag sem hefur tekið við iðkendum og þá einnig stuðlað að hraðari hnignun félagsins en ella. Á þessum svæðum þyrfti e.t.v. að skoða eftirfarandi þætti: a) hvert sækja börn félagssvæðisins skóla, b) hver er aðstaða til æfinga á félagssvæðinu, c) hverjar eru vegalengdir til næstu þéttbýlisstaða/virkra aðildarfélaga, og d) hver er íbúaföldinn.

Þá fylgja mögulega fleiri vandamál því að félag er til en stendur ekki fyrir neinu starfi og snýr það að sjálfböðaliðastarfi og þátttöku foreldra/íbúa í íþróttar- og félagsstarfi og stjórnun félaga. Félagssvæðin á sambandssvæði HSB eru rótgróin, það er til félag í hverri gamalli sveit. Hefur það hindrandi áhrif á þátttöku í starfi og stjórnun annarra félaga að óvirkt/lítt starfandi félag sé fyrir á íbúasvæðinu? Skipulagt íþróttastarfi og regluleg hreyfing er mikilvægur þáttur fyrir samfélag og heilsu íbúa og það að til séu stór landsvæði, í byggð, án neins samnefnara yfir virkt íþróttar- og eða ungmennafélag er ekki góð þróun.



Þátttakendur frá HSB á Unglingalandsmóti á Höfn 2019.

5. Tillögur til úrbóta

Í stefnu HSB *Æfum alla ævi* eru lagðir til fjórir þættir til þess að vinna að þannig að markmiðum stefnunnar (aukin hreyfing, íþróttir fyrir alla, efling sjálfbæðaliða) verði náð. Í stefnunni voru lögð til almenn atriði sem enn eru góð og gild en hér verða þessir þættir skoðaðir m.t.t. þeirrar stöðugreiningar sem kemur fram í þessari skýrslu.

5.1 Þátttaka

Þátttaka er grunnur að öllu starfi, ef ekki eru þátttakendur er starfið ekkert.

Tækifæri	Ógnanir
- Líta þarf til allra aldurshópa til þess að fjölga iðkendum. - Á öllum stöðum ætti að líta til samvinnu skóla og aðildarfélaga þannig að nemendur á yngsta stigi eigi kost á því að taka þátt í sínu skipulagða íþróttastarfi innan frístundar. - Á fámennari svæðum sérstaklega mætti huga að heilsueflingu, námskeiðum, skipulögðum æfingum og tilsögn sem hentar breiðari aldurshóp. Þjóða upp á almennari námskeið sem að unglingar og fullorðnir geta sótt til jafns – hér má bæði tilgreina einstalingsíþróttir en einnig það sem oft hefur flokkast sem almenningsíþróttir s.s. ganga, sund, hlaup, hjól, þrek o.s.frv. - Fjölmargir viðburðir og mót eru innan héraðs sem bæði aðildarfélögin og önnur samtök standa fyrir. Samráð félaga og samstarf getur hvatt til meiri þátttöku af svæðinu í slíkum viðburðum, eða opnað á tilkomu annarra viðburða eða héraðsmóta sem skortir innan héraðs. - Samstarf milli félaga í greinum sem krefjast þátttöku hópa af ákveðinni stærð. Ýmsar grunnæfingar er hægt að gera í smærri hópum en huga mætti að sameiginlegum æfingum og sameiginlegri þátttöku í mótum.	- Þjálfaraskortur er víða, jafnvel skortur á menntuðum íþróttakennurum í skólum á svæðinu, sem hefur leitt til þess að erfitt er að bjóða upp á starf þó að til þess sé vilji. - Langar vegalengdir bæði innan og á milli svæða.

5.2 Faglegt starf

Fram hefur komið að skortur á þjálfurum er hindrun fyrir frekara starfi innan aðildarfélaganna. Án þjálfara falla námskeið og annað niður sem félög vilja bjóða upp á til þess að efla sína iðkendur. Menntaðir þjálfarar er mikilvæg auðlind þannig að þátttakendur fái þjálfun og tilsögn sem hæfir aldri, þroska og getu.

Einnig hefur komið fram að samstarf milli félaga virðist ekki vera mikið en slíkt getur verið mikilvægt bæði hvað varðar þjálfun og mótahald en einnig félagslegan auð. Þá skiptir máli að starf sjálfbóðaliða sé skýrt og skilgreint til þess að laða fleiri að hreyfingunni og gera starfið skilvirkara og eins einfalt og hægt er fyrir þá sem taka það að sér.

Tækifæri	Ógnanir
• Þjálfaramenntun ÍSÍ. ÍSÍ býður reglulega upp á þjálfaranámskeið á almennum hluta menntunar þjálfara. Fyrstu tvö stigin í þjálfaramenntun ÍSÍ eru í boði þrisvar sinnum á ári og eru alfarið kennd í fjarnámi og því engin fyrirstaða að sitja þau hvar sem er í heiminum. Þessi námskeið gagnast öllum sem koma að barna- og unglingaþjálfun. • Sér sambönd ÍSÍ bjóða reglulega upp á þjálfaranámskeið. • Fræðslusjóður HSB veitir styrki til að niðurgreiða námskeiðsgjöld vegna þjálfaramenntunar til þess að minnka kostnað þátttakenda (eða aðildarfélaganna sem styrkja þjálfara til þess að sækja slík námskeið). • Verkefni ÍSÍ og UMFÍ Sýnum karakter er vettvangur til þess að efla þjálfara og iðkendur. Samtal og samstarf þjálfara um starf sitt og leiðir að markmiðum styrkir þá í sínum störfum. Þjálfarar sem eru að stíga sín fyrstu skref geta sótt hugmyndir í slíkt samstarf. • Miðlægur grunnur þar sem allir íþróttatengdir viðburðir innan héraðs koma fram til þess að auka sýnileika þess sem er í boði og hvetja til þátttöku. • Nýta aðferðafræði fyrirmyndarfélaganna ÍSÍ til þess að skoða hvar félög geta bætt og skilgreint störf þeirra sjálfbóðaliða sem koma nýir inn í hreyfinguna til þess að einfalda eðlilega veltu.	• Sér sambönd ÍSÍ eru misdugleg að bjóða upp á sérgreinahluta þjálfaramenntunar ÍSÍ. Þessi námskeið eru oftast kennd í staðnámi. • Langar vegalengdir innan héraðs fyrir þjálfara til þess að koma saman ef ekki gefst kostur að nýta fjarfundatækni. • Tímafrekt fyrir núverandi stjórnendur að fara að rýna í alla þætti félags síns um hvað mætti betur fara þannig að starfið yrði betra og skilvirkara og einfaldara fyrir nýja að koma inn í starfið.

5.3 Samstarf

Í ársskýrslum aðildarfélaganna verður ekki séð að samstarf milli félaga sé mikið. Heildarstarf í héraðinu yrði betra með meiri samvinnu, samtali og samstarfi.

Tækifæri	Ógnanir
• Sameiginlegar æfingar/æfingabúðir efla iðkendur og opnar á samtal milli þjálfara og félaga og færslu þekkingar. • Samstarf um þátttöku í mótum leyfir mögulega breiðari þátttöku auk þess að bæta félagsandann. • Samstarf um mótahald/viðburði dreifir mögulega álaginu á fleiri aðila • Samstarf við sveitarfélög um íþróttir og hreyfingu á yngsta stigi grunnskólans. • Samstarf við sveitarfélög um íþróttir og hreyfingu eldri-borgara, utan álagstíma íþróttamannvirkja. • Samstarf við sveitarfélög vegna Heilsueflandi samfélags. • Sameiginleg stefnumörkun aðildarfélaganna varðandi stjórnun og störf sjálfbóðaliða.	• Skipulag, utnumhald og ábyrgð vegna sameiginlegra verkefna (æfingar, mót o.þ.h.) milli aðildarfélaganna, hver á að sjá um hvað. • Vegalengdir milli svæða vegna t.d. sameiginlegra æfinga.

5.4 Sjálfböðaliðar

Velta stjórnarmanna var ekki skoðuð sérstaklega í yfirlitinu yfir starf aðildarfélaganna. Staðan er þó sú að stundum sitja stjórnarmenn lengi, sumir að eigin ósk og áhuga en aðrir af illri nauðsyn því enginn vill taka við félaginu, og stundum er veltan hröð og mikil bæði vegna álags og anna sem fylgja starfinu og því breytta samfélagi sem við búum í. Kröfur samfélagsins hafa breyst bæði til þeirra sem koma að íþrótt- og félagsstarfi, en einnig meðal okkar sjálfra t.d. varðandi eigin tíma og persónulegar þarfir. Sjálfböðaliðastarf íþróttahreyfingarinnar nær þó mun lengra en bara til stjórnenda aðildarfélaganna, það snýr í raun að nær öllu því sem félagið gerir.

Tækifæri	Ógnanir
- Miðlæg samvinna um stefnur og verkefni sem boðuð eru að ofan (s.s. varðandi stefnur og áætlanir í eineltismálum, jafnrétti, kynferðislegu áreiti og ofbeldi ásamt fleiru) þannig að þekking viðhaldist. - Miðlæg samvinna um ýmis konar utanumhald s.s. Felix, Nóra o.s.frv. - Miðlæg samvinna varðandi störf, skyldur og hlutverk stjórnarmanna og sjálfböðaliða s.s. í gegnum aðferðarfræði Fyrirmyndarfélaganna ÍSí, hlutverk sjálfböðaliða í einstökum verkefnum o.fl. til þess að gera sjálfböðaliðastarfið aðgengilegra, meira aðlaðandi og til að tryggja eðlilega veltu sjálfböðaliða. - Sameining aðildarfélaganna (á fámönnum svæðum) til þess að treysta félögin, efla samstöðu, styrkja félagafjölda og dreifa álagi betur.	- Misjafnar þarfir og markmið aðildarfélaganna, misjöfn aðstaða, misjöfn verkefni. - Gamlir sveitarígar, hefðir sem mögulega myndu falla niður.



Upprennandi hestamenn á Einarstaðamóti

6. Lokaorð

Það er alls ekki sjálfgefið að öll aðildarfélög stökkvi á vagninn og sjái hag sinn í þessum tillögum sem hér eru lagðar fram. Í þeim felst ákveðin grunnvinna t.d. varðandi alla samvinnu og samstarf sem getur verið tímafrek. Það er þó eitt hvað sem hægt er að leysa jafnt og þétt yfir lengri tíma, en til þess þarf samt einhvern sem heldur utan um verkefnið og skipuleggur vinnuna í samstarfi við aðildarfélögin. Í fyrstu drögum að aðgerðar- og framkvæmdaáætlun *Æfum alla ævi* eru lagðar fram tímaáætlanir, skipulag og kostnaður vegna þessa verkefnis. Þó svo að tímaáætlun hafi ekki staðist að öllu leyti er komið að ákveðnum skilum og ákvarðanatöku um framhald líkt og getið er í tímaáætluninni.

Í fyrstu áætlun var einnig gert ráð fyrir að ráðinn yrði n.k. verkefnastjóri/þjálfari. Eftir að hafa skoðað starf aðildarfélaganna er ljóst að á nokkrum svæðum er aðgangur að þjálfurum eða öðrum til þess að halda námskeið, vera með æfingar, leiðbeina, mjög aðkallandi til þess að félögin geti haldið úti því starfi sem áhugi er fyrir. Hins vegar er ekki víst að ein og sama manneskjan geti sinnt öllu þessu, nema þá helst eintaklingur sem hefur þekkingu á algengustu greinum sem stundaðar eru innan fjölgreinafélaganna. Fyrirmynd að slíkum starfskrafti er t.d. hjá Ungmennna- og íþróttasam-

bandi Austurlands (UÍA) sem hefur starfsmann á sumrin sem sinnir því að fara til aðildarféлага UÍA einu sinni eða oftár í viku, eftir ósk félaganna, og er með æfingar.

Verði samstaða meðal aðildarféлага HSB og annarra samstarfsaðila s.s. sveitarfélaganna um að halda verkefninu áfram má gera ráð fyrir að heildarkostnaður verkefnisins og tímarammi verði sá sami og kom fram í kostnaðaráætlun *Æfum alla ævi* eða nálægt 10 milljónum króna á ári í þrjú ár sem verður þá kostnaður við að halda úti starfsmanni í u.þ.b. 100% starfi (eða tveimur í 50% stöðu). Samstarf við sveitarfélög getur einnig komið í gegnum starf íþróttar- og æskulýðsfulltrúa sem myndu sameina krafta sína og vinna að bættu og skilvirkara starfi í öllu héraðinu.

Lokamarkmiðið *Æfum alla ævi* er bætt íþróttastarf í heild sinni innan héraðs en það ætti að vera öllum byggðarlögum til hagsbóta að íþróttar- og félagsstarf standi sem best og sé í stakk búið að sinna þeirri íbúafloðu sem er á svæðinu hverju sinni. Héraðssamband Þingeyinga er lítið annað en það starf sem aðildarfélögin standa að en jafnframt er það sameiginlegur vettvangur félaganna sem hægt er að byggja á.

